

## Umræðufundur um fráveitumál

Haldinn mánudaginn 24. febrúar 2003 kl: 14:00 – 15:30 í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

### Fyrirlesari:

Einar K. Stefánsson. VSO ráðgjöf.

### Fráveitur lítilla sveitarfélaga.

#### Þátttakendur:

Kristján Kristjánsson.	Ísafjarðarbær
Sigurður Mar Óskarsson.	Ísafjarðarbær
Stefán Brynjólfsson	Ísafjarðarbær
Sölvi Sólbergsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Jóhann B. Helgason	Bolungarvíkurkaupstaður
Gísli Gunnlaugsson.	Tækniþjónusta Vestfjarða
Anton Helgason.	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Böðvar Þórisson.	Náttúrustofa Vestfjarða
Þorleifur Eiríksson.	Náttúrustofa Vestfjarða

### Minnispunktur frá fundinum.

Hafa þarf í huga að allt neðangreint miðast við að um síður viðkvæman viðtaka sé að ræða.

#### 1. Reglugerð nr. 798 um fráveitur.

Bent var á að ýmis ákvæði reglugerðarinnar gefa svigrúm s.br. neðangreint:

Óljósar kröfur ef  $pe < 2.000$

Síun telst uppfylla 1. þreps hreinsun. Síun er ekki skilgreind í reglugerðinni frekar en rist. Hvert er bilið milli grinda??. Álykta má að um sé að ræða grófhreinsun (10-15mm rist/sía) sem ætlað er að fjarlægja aðskotahluti sem valdið geta sjónmengun.

Hönnun, bygging og rekstur fráveitu skal ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað. Þegar um er að ræða allt að 350 m.kr. (200 þkr/íbúa) má færa rök fyrir að um óhóflegan kostnað sé að ræða.

## 2. Mengun vegna skolps.

Gerð var grein fyrir mengunarvöldum í skolpi.

Gerlar. Drepast og dreifast.

Lífræn mengun og næringarefni. Brotnar niður og þynnist

Efnamengun. Leysa við uppsprettuna.

Sjónmengun. Leysa við uppsprettuna.

Fram kom að ekki ætti að tala um mengun nema um sé að ræða skaðleg áhrif á lífríki viðtaka og umhverfi eða heilsu manna. Rætt um að vandmálin séu í sumum tilfellum ekki til staðar

## 3. Hreinsivirkni sjávar.

Gerð var grein fyrir mismunandi aðstæðum t.d í Danmörku og Íslandi hvað varðar viðtaka. Hreinsigeta sjávar og niðurbrot á lífrænu efni og næringarsöltum útskýrð. Færð rök fyrir því að viðtakar við sjávarsíðuna á Íslandi muni vandræðalaust ráða við allt það skolp sem í þá berst.

## 4. Yfirföll.

Bent á að reglugerðin gerir engar kröfur til hönnunar og hreinsigetu yfirfalla.

Gerð grein fyrir rekstarvandamálum “hefðbundinna” gerða. Útskýrð ný gerð yfirfalla með “sjálfhreinsandi” ristum til notkunar á erfiðum stöðum og einföld gerð þar sem minna álag er.

## 5. Skolphreinsun??

Bent á að grófhreinsun hefur ekki í för með sér minna álag á viðtakann, né styttri útrásir. Aðeins er haldið eftir hluta af sjónmengun.

Bent á að umhverfislegur ávinningur grófhreinsunar sé álitamál. Grófhreinsun heldur ekki aðeins eftir hluta af sjónmenguninni, heldur einnig hluta af föstum úrgangi sem annars hefði brotnað niður og horfið í viðtaka. Það felur í sér álag á umhverfið (eldsneyti, dekkjaslit og útblástur) að hreinsa, flytja og urða þennan úrgang, auk stofn- og rekstrarkostnaðar.

Víða ber lítið á sjónmengun eins og ástandið er í dag. Eftir byggingu safnræsa og útrása mun hún verða enn síður áberandi. Eðlilegt er að bíða með ákvörðun um byggingu hreinsivirkja þar til síðar og þá verði ástandið metið í samráði við yfirvöld.

## 6. Fiskvinnsla.

Fjallað var um kosti hreinni framleiðslutækni í fiskvinnsluhúsum í stað hreinsunar. Lagt til að vinnsluhús verði aftengd bæjarveitu ef kostur er og mál þeirra leyst gegnum starfsleyfin. Ekki er talið vænlegt að reisa sameiginlegar hreinsistöðvar fyrir vinnsluhús eins og sumir hafa lagt til og færð mörg rök því til stuðnings.

## 7. Niðurstaða.

Fundarmenn voru sammála um að fyrirlesturinn hefði verið áhugaverður og að allar leiðir sem gætu minkað kostnað sveitarfélaga af fráveitum þyrfti að skoða vandlega.

Nokkrar umræður urðu síðan um hugmyndir fyrirlesara miðað við aðstæður á norðanverðum Vestfjörðum.

Það ver rætt hvernig skilgreina ætti síður viðkvæman viðtaka og nauðsynlegar mælingar í því sambandi.

Skoðaðar voru straummælingar úr Bolungarvík, sem Náttúrustofan hefur verið að vinna að í samvinnu við heilbrigðiseftirlitið og náttúrustofur og heilbrigðiseftirlit á Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Að lokum samþykktu fundarmenn að samvinna og upplýsingastreymi væru mikilvæg á þessu sviði.

Þorleifur Erikksson sá um fundargerð.

Fundargerðin er send öllum fundarmönnum og sett á vef Náttúrustofu Vestfjarða <http://www.nave.is>.